

Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala

Rannsóknastyrkur til þriggja ára frá Rannís

Það helsta í blaðinu:

- Styrkur Rannís til hjúkrunar-rannsóknna
- Gjöf í Rannsóknar-sjóð Ingi-bjargar R. Magnúsdóttur
- Ársfundur RSH:
- Próun sérfræði þekkingar í hjúkrun
- Útskrift meistaranema í hjúkrun

Dr. Sigríður Gunnarsdóttir dósent, ásamt 10 manna rannsóknarhóp á LSH og HÍ fengu nýverið verfnastyrk til þriggja ára frá Rannsóknarmiðstöð Íslands til að gera prófun á áhrifum starfsþróunaríhlutunar fyrir hjúkrunarfræðinga til að bæta verkjameðferð á Landspítala Háskólasjúkrahúsi. Styrkuppheðin fyrir árið 2011 hljóðar upp á 6.738 milljón króna. Megintilgangur rannsóknarinnar er að prófa í slembistýrðri rannsókn árangur af því að þjálfva sérstaklega hjúkrunarfræðinga sem eru í klínísku starfi í verkjameðferð. Hlutverk þeirra í kjölfar þjálfunar er að leiða umbóta- starf í meðferð verkja á sinni deild. Að auki er það tilgangur rannsóknar að kortleggja verki og verkjameðferð á skurð- og lyflækningadeildum á Landspítala. Rannsóknin er unnin á 23 legudeildum á lyf- skurðlækninga- og kvennasviði LSH. Þjálfunin sem á að prófa í þessari rannsókn er upphaflega þróuð í Bandaríkjunum. Þó svo að niðurstöður úr gæðakönnunum og hálf-tilraunum á árangri þessarar

stöðluðu gagnreyndu þjálfunar hjúkrunarfræðinga í verkjameðferð bendi til þess að hún sé gagnleg til að bæta verki og verkjameðferð hefur aldrei áður verið lagt mat á árangur hennar í slembistýrðri tilraunarrannsókn. Fyrir rannsóknina hefur verið unnið kenningabyggt eftirfylgdarplan og mun hún svara þeirri spurningu hvort þjálfunin skili sér í bættri verkjameðferð til sjúklinga.

Þessi rannsókn svarar ekki aðeins þeirri spurningu hvort þjálfunin sé árangursrík heldur mun hún einnig svara því hvort sá árangur haldist til lengri tíma þar sem um 3 ára langtímarannsókn er að ræða. Að auki gefur rannsóknin upplýsingar um tíðni verkja, stöðu verkjameðferðar, og þekkingu og viðhorf hjúkrunarfræðinga til verkja og verkjameðferðar. Unnin verða bæði doktors- og meistara- verkefni í tengslum við rannsóknina sem stendur eins og fyrr segir næstu þrjú árin.



Dr. Sigríður Gunnarsdóttir

Samstarfsaðilar eru: Birna Jónsdóttir, BS hj. fr. á LSH; Elfa Þóll Grétarsdóttir, MS hj. fr. á LSH; Elin J.G. Hafsteinsdóttir PhD við Gæðadeild LSH; Guðrún Dóra Guðmansdóttir, MS sérfræðingur LSH; Guðrún Jónsdóttir MS, hj. fr. LSH; Dr. Herdís Sveinsdóttir, HÍ og forstöðumaður fræðasviðs HÍ og LSH; Katrín Blöndal, MS, sérfræðingur í hjúkrun LSH Kolbrún Albertsdóttir, MS hj. fr.; Nanna Friðriksdóttir, MS, sérfræðingur við LSH; Sigríður Zoëga, MS, doktorsnemi við HÍ; Svandís Íris Hálfánardóttir, MS, sérfræðingur LSH.

Ráðgjafar eru: Prófessor Sandra Ward og Prófessor emeritus Ronald C Serlin bæði við University of Wisconsin Madison .

Peningagjöf til Rannsóknasjóðs Ingibjargar R. Magnúsdóttur



Kristín Ingólfssdóttir rektor, Ingibjörg R. Magnúsdóttir og Guðrún Kristjánsdóttir, deildarforseti Hjúkrunarfræðideildar.

Ingibjörg R. Magnúsdóttir, stofnandi Rannsóknasjóðs Ingibjargar R. Magnúsdóttur, afhenti Kristínu Ingólfssdóttur, rektor Háskóla Íslands, peningagjöf að upphæð 500.000 kr. þann 18. janúar s. l. Tilgangur sjóðsins er að efla rannsóknir í hjúkrunar- og ljósmóðurfræði. Úthlutað hefur verið úr sjóðnum árlega frá stofnun hans 2007. Veittir hafa verið sjö styrkir til doktorsverkefna í hjúkrunar- og ljósmóðurfræðum.

Hægt er að styrkja sjóðinn með ýmsu móti, t.d. vegna árgangaafmæla eða útskriftar. Einnig er hægt að senda minningarkort og tækifæriskort frá sjóðnum. Fjárhæðir má leggja inn á eftirfarandi bankareikning hjá Íslandsbanka: 0513-26-004057. Kennitala styrktarsjóða HÍ er: 571292-3199.

Ársfundur Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði, 3. mars, 2011



Ársfundur Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði var haldinn í Eirbergi, 3. mars síðast liðinn. Þema fundarins var “Þróun sérfræðipækkingar í hjúkrun”. Málefnið var skoðað frá ýmsum hliðum. Erindi Dr. Herðisar Sveinsdóttur fjallaði um niðurstöður rannsóknar á störfum sérfræðinga í hjúkrun á Landspítala. Lovísa Baldursdóttir fjallaði um viðhorf sérfræðinga í hjúkrun til þekkingar- þróunar og Eydís K. Sveinbjarnadóttir kynnti fyrstu hugmyndir um niðurstöður vinnuhópa Landspítala um framtíðarsýn á þjónustu sérfræðinga í hjúkrun. Dr. Guðrún Kristjánsdóttir lauk fundinum með erindi um menntun og þekkingarþróun sérfræðinga í hjúkrun og framtíðarstefnuna.



Formaður stjórnar Rannsóknastofnunar Dr. Sóley S. Bender setti fundinn og fór yfir skýrslu stjórnar.

Sjö meistaranemar brautskráðir frá hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands þann 27. febrúar 2011.

Fjölmenni var á kynningu á meistara-verkefnunum þann 16. febrúar síðast liðinn. Af þessum sjö nemum brautskráðust fjórir með meistaragráðu í hjúkrunarfræði, tveir með meistaragráðu í upplýsingatækni á heilbrigðisviði og einn með meistaragráðu í ljósmóðurfræði.

Starfsmannamál RSH:

- Starfssamningur verkefnastjóra í klínískum rannsóknum rennur út þann 31.mars 2011. Landspítalinn hefur tekið þá ákvörðun að endurnýja ekki samninginn og lætur því Sólfríður Guðmundsdóttir af þeim störfum.
- Staða verkefnastjóra í daglegum rekstri (50%) hefur nýlega verið auglýst á starfatorgi nánari upplýsingar á <http://www.starfatorg.is/> kennsla_rannsoknir/nr/14040.
- Rannsóknasérfræðingur stofnunarinnar er í barnsburðarleyfi, en Jóhanna Eyrún Torfadóttir hefur verið ráðin til starfa tímabundið í 20% starfshlutfall.

Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala heyrir undir hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands. Stofnunin er sjálfstæð með eigin reglur og sérstaka stjórn. Hlutverk stofnunarinnar er m.a. að styðja við og efla rannsóknir kennara við hjúkrunarfræðideild og hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra við Landspítala.

Í stjórn RSH sitja:

Sóley S. Bender,
formaður
Rúnar Vilhjálmsson
Auðna Ágústsdóttir
Sigríður Gunnarsdóttir,
varamaður

Starfsmenn RSH eru:

Jóhanna Eyrún
Torfadóttir og
Sólfríður
Guðmundsdóttir

Ritstjóri Rannsóknafréttar:

Sólfríður Guðmundsdóttir
Eirbergi, Eiríksgötu 34
101 Reykjavík
Sími: 525 5280
Netfang: solfridu@hi.is